



**488. fundur Þingvallanefndar**  
**6.apríl 2022**  
**Skrifstofa Þingvallanefndar**  
**Austurstræti 12, kl 11.30**

Mættir: Vilhjálmur Árnason formaður, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir varaformaður, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Tómas A. Tómasson, Andrés Ingi Jónsson.  
Orri Páll Jóhannsson boðaði forföll.

Formaður setti fund og stýrði:

**Fundarefni:**

**1. Þingvallanefnd.**

Hlutverk–fundartíma, vinnutilhögun, samskipti vegna funda.

Formaður fer yfir starf Þingvallanefndar. Umræða um fundartíma, vinnutilhögun og samskipti vegna funda. Stefnt að næsta fundi strax eftir páska. Þjóðgarðsvörður í samráði við formann finna tímasetningu.

**2. Almenn kynning á starfsemi þjóðgarðsins.**

Þjóðgarðsvörður leggur fram starfsskýrslu Þingvallanefndar 2017-2021 og kynrir helstu áherslur í starfi þjóðgarðsins á síðasta kjörtímabili. Meðal annars fjallað um fjárhag og rekstur þjóðgarðsins, starfsmannahald, sumarhús og framkvæmdir sem voru miklar á síðasta kjörtímabili Þingvallanefndar.

**3. Starfið framundan og helstu verkefni á næstu árum í starfi þjóðgarðsins.**

Farið yfir helstu áskoranir á næstu árum, sem er möguleg fjölgun gesta og stjórnun þeirra samhliða frekari uppbyggingu. Uppbygging á Þingvöllum þarf að vera á forsendum sögu og náttúru Þingvalla en taka mið einnig af ásættanlegum þolmörkum Þingvalla.

**4. Erindi sem liggja fyrir.**

Erindum frestað til næsta fundar.

**Önnur mál.**

Andrés Ingi Jónsson vekur athygli á orðalagi í fjármálaáætlun um aukna samlegð í verkefnum stofnana sem fara með umsjón á náttúruverndarsvæðum og öðrum svæðum sem njóta verndar. Andrés Ingi óskar eftir að fjármálaráðuneytið skýri hvað felst í þessu orðalagi.